

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013, leikskólalóð sunnan Borgarheiðar.

Samkvæmt 19. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 hefur ráðherra þann 24. apríl 2001 staðfest breytingu á aðalskipulagi Hveragerðis 1993 - 2013 frá 19. maí 1994.

Breytingin felur í sér eftirtaldar landnotkunarbreytingar:

Íbúðarsvæði norðan hússins Hraunbæjar, sunnan Borgarheiðar, breytist í stofnanasvæði (S5 dagheimili/leikskóla).

Þar breytist einnig lega opins útivistarsvæðis Ú13 (leikvellir/hverfisvellir).

Lítill hluti svæðis suðaustan Hraunbæjar sem í dag er ylræktarsvæði verður að íbúðarsvæði.

Svæði vestan Dynskóga sem áður bar merkinguna S5 (dagheimili/leikskóli) verður að ósérmerktu stofnanasvæði.

Uppdrátturinn hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og samþykki bæjarstjórnar Hveragerðisbæjar. Skipulagsstofnun hefur afgreitt erindið til staðfestingar.

Umhverfissráðuneytinu, 24. apríl 2001.

Siv Friðleifsdóttir.

Sigríður Auður Arnardóttir.